

ILLUGI GUNNARSSON

## ÁVARP MENNTAMÁLARÁÐHERRA



Illugi Gunnarsson

Nú eru 10 ár frá því að Fræðslumiðstöð atvinnulífsins hóf starfsemi sína.

Markmið FA er að veita einstaklingum á vinnumarkaði, sem ekki hafa lokið formlegu prófi frá framhaldsskóla, tækifæri til að afla sér menntunar eða bæta stöðu sína á vinnumarkaði. Sá markhópur er um 30% fólks á vinnumarkaði og brýnt að sú tala lækki verulega.

Segja má að hlutverk framhaldsfræðslunnar sé að bregðast við afleiðingunum af vandanum

sem felst í allt of háu brottfalli nemenda í framhaldsskólum án þess að skilgreindum prófum sé lokið. Eitt af forgangsverkefnum núverandi ríkisstjórnar í menntamálum er að sporna við þessu brotthvarfi. Hluti þess verkefnis er stytting framhaldsskólans þannig að hann verði markvissari og meira aðlaðandi fyrir nemendur. Jafnframt er mikilvægt að tengja framhaldsskólann og framhaldsfræðsluna betur saman. Þetta gerum við meðal annars með þeirri vinnu sem nú fer fram við skilgreiningar í svokallaðan hæfniramma. Í þeirri vinnu er sérstaklega mikilvægt að framhaldsfræðslan taki þátt af fullum þunga. Grundvallarspurningin er hvaða hæfni og hvaða tækifæri viljum við að nemendur sem ljúka skilgreindum prófum á Íslandi hafi?

Í alþjóðlegri stefnumótun í menntamálum er gjarna gengið út frá hugtakinu lykilhæfni og þá litið til þess hvaða hæfni nemendur þurfa að ráða yfir til að taka virkan þátt í nútímapjódfélagi og atvinnulífi. Lykilhæfnin endurspeglar það viðhorf að einstaklingur verður að vera fær um að takast á við flókin viðfangsefni til þess að eiga í samskiptum við aðra og byggja upp eigin styrk og frumkvæði. Þar reynir á almenna hæfni sem nemendur öðlast gjarna utan kennslustofunnar.

Í þessu sambandi er ástæða til að leggja áherslu á mikilvægi raunfærnimats sem þróað hefur verið af FA. Raunfærni-matið opnar leið til náms og prófa fyrir fjölda einstaklinga

sem öðlast hafa reynslu á vinnumarkaði án þess að hafa lokið formlegu námi í framhaldsskóla.

Ég vil nota þetta tækifæri og óska FA til hamingju með afmælið og þann mikla árangur sem náðst hefur á árunum tíu sem liðin eru frá stofnun miðstöðvarinnar. Ásamt símenntunarmiðstöðvum um allt land gegnir FA veigamiklu hlutverki í íslensku menntakerfi.

Verkefni FA eru mikilvæg fyrir menntunarstig og samkeppnishæfni þjóðarinnar og áriðandi að þeim verði haldið áfram af fullum krafti.